

Dómur héraðsdóms.

Hún V-18 (1827–1830)

[Ár 1828 þann 21ta júlí, heimili Blöndahl að Hvammi í Vatnsdal]

[bls. 341] Því dæmist rétt vera. Fangarnir Friðrik Sigurðsson, Agnes Magnúsdóttir og Sigríður Guðmundsdóttir skulu hafa fyrirgjört lífi sínu og hálshöggvast með öxi og þar eptir leggjast á steglar og hjól en höfuðin setjast á stjaka. Daníel Guðmundsson skal erfiða 4 ár í Kaupmannahafnar rasphúsi. Þorbjörg Halldórsdóttir í Katadal skal erfiða 5 ár í Kaupmannahafnar betrunarhúsi. Gísli Ólafsson, Sigurður Ólafsson og Jóhannes Magnússon skulu um sig hýðast, þrennum 27 vandarhöggum. Þórunn Eymundsdóttir og Brynjúlfur Eymundsson skulu straffast, hún með 20, en hann með 10 vandarhaggarefsingu. Elínborg Sigurðardóttir á fyrir action ákærum á þessari sök frí að vera.